

Alþingi
Erindi nr. P 120 / 2099
komudagur 28 / 5 1996



Menntamálanefnd Alþingis,
b.t. Sigríðar Önnur Þórðardóttur, formanns
Alþingi,
150 Reykjavík

Reykjavík 21. maí 1996

Stjórn Landssamtakanna Þroskahjálpar hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995 um grunnskóla og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við Menntamálanefnd Alþingis.

Í frumvarpinu er lagt til að við 10 gr. laganna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi: "SAMBAND ÍSL. SVEITARFÉLAGA FER MEÐ ÞAU MÁLEFNI GRUNNSKÓLANS SEM VARÐA FLEIRI EN EITT SVEITARFÉLAG, EF ÞEIM ER EKKI SKIPAÐ MEÐ ÖÐRUM HÆTTI Í LÖGUM, REGLUGERÐUM EÐA MEÐ SAMKOMULAGI AÐILA".

Í athugasemdum við þessa grein segir m.a. "Þessi viðbót á að tryggja frumkvæði og ábyrgð á málum sem falla undir mörg sveitarfélög, svo sem rekstur sérskóla og skólabúða". Þá er þar ennfremur sagt að ekki sé talið líklegt að á þetta ákvæði reyni nema rétt á meðan flutningur grunnskólans gengur yfir. Þá segir ennfremur að þessi tillaga sé flutt að ósk fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga í verkefnisstjórn. **Ekkert samráð hefur verið haft við Landssamtökin Þroskahjálp eins og eðlilegt hefði verið, þar sem börn með fötlun og foreldrar þeirra hafa verulegra hagsmuna að gæta þegar málefni sérskólanna eru rædd.**

Samkvæmt breytingartillögum frumvarpsins virðist sem hér sé verið að lögfesta möguleika samtaka sveitarfélaga á því að sameinast um rekstur sérskóla. Þetta getur haft þau áhrif að einstök sveitarfélög sjái sér hag í því að senda börn sem þurfa mikinn stuðning í sérskóla á höfuðborgarsvæðinu sem með því getur orðið að einskönar safnskóla fyrir allt landið.

Áður hafa komið fram hugmyndir um safnskóla sveitarfélaganna sem sérstaklega væru ætlaðir börnum með fatlanir. Landssamtökin Þroskahjálp hafa eindregið lagst gegn slíkum hugmyndum, ef þær ganga lengra en almennt samstarf sveitarfélaga um grunnskóla, sem víða tíðkast á landsbyggðinni. Slíkt væri andstætt markmiðum grunnskólalaga um einn og sama skóla fyrir öll börn.

Þrátt fyrir að í frumvarpinu sé látið að því liggja að eingöngu sé um tímabundinn varnagla að ræða, eru engin tímamörk sett, sem þó væri eðlilegt, ef fyrrgreindum markmiðum grunnskólalaga skal náð.


Landssamtökin Þroskahjálp hafa í mörg ár ítrekað skoðanir sínar á því að nauðsynlegt sé að setja einhvern hvata inn í lög um grunnskóla, þannig að þegar sveitarfélög taka við rekstri hans, sjái þau sér hag í því að opna heimaskólann fyrir öllum börnum.

Samtökin hafa bent á að núverandi fyrirkomulag sem felur í sér sérstaka sérkennslukvóta í hverju fræðsluumdæmi, sé óheppilegt og gefi ekki möguleika á að jafna aðstöðu sveitarfélaga, sem er forsenda fyrir því að koma á einum skóla fyrir alla. Eitt alvarlega fatlað barn sem krefst mikillar sérkennslu eða umönnunar í skóla í einu fræðsluumdæmi, getur þurft á stórum hluta fjármagns að halda eitt og sér og "tekur" þá frá öðrum í því umdæmi á meðan önnur fræðsluumdæmi hefðu rýmri möguleika vegna þess að þar byggju ekki börn með alvarlegar fatlanir.

Landssamtökin Þroskahjálp benda enn fremur á þann vanda sem börn sem ekki hafa skilgreindar fatlanir, en þurfa á verulegri sérkennslu og stuðningi að halda, standa frammi fyrir í skólakerfinu. Nú þegar er vitað um a.m.k. 200 börn sem t.d. eru skilgreind með ofvirkni eða annað sem í dag ekki telst til fötlunar. Mikilvægt er að tryggja þessum börnum réttindi innan almenna grunnskólans.

Að lokum vilja Landssamtökin þroskahjálp áréttta að það eru foreldrar í samvinnu við fræðslufirvöld sem ákveða skólagöngu barna sinna bæði ófatlaðra og fatlaðra.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar


Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri